

REGLUGERÐ UM DÓMSTÓL SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS

1. grein. Skipan og hlutverk

Dómstóll Skáksambands Íslands (SÍ) er kosinn á aðalfundi sambandsins og skipa hann þrír menn og þrír til vara í samræmi við 15. gr. laga SÍ.

Hlutverk dómstólsins er eftirfarandi:

- a. Að úrskurða um ágreining er kemur upp um túlkun á lögum, skáklögum og öðrum reglum SÍ. Dómstóllinn hefur fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan skákhreyfingarinnar og varða lög og reglur SÍ.
- b. Að fella fullnaðarúrskurði um viðurlög við brotum á lögum eða reglum SÍ. Dómstóllinn getur einnig ákvarðað viðurlög vegna brota á reglum Alþjóða skáksambandsins (FIDE) að því leyti sem þær gilda hér á landi og ákvörðun viðurlaga er ekki undanskilin lögsögu dómstólsins.
- c. Að vera áfrýjunardómstóll vegna úrskurða skákstjóra í skákmótum, sem reiknuð er til alþjóðlegra skákstiga, um túlkun á skákreglum Alþjóða skáksambandsins (FIDE) og skáklögum og öðrum reglum SÍ.
- d. Að vera áfrýjunardómstóll vegna ákvarðana annarra stofnana SÍ um viðurlög gagnvart aðildarfélögum, iðkendum eða öðrum eftir því sem við getur átt.

Úrskurðir dómstólsins skulu vera skriflegir. Halda skal sérstaka gerðabók um störf hans.

Aðsetur dómstólsins er á skrifstofu SÍ, sem varðveitir skjöl hans og gerðabækur.

2. grein. Málsaðild

Skákmenn, tafsfélög og aðrir aðilar innan skákhreyfingarinnar geta átt aðild að málum fyrir dómstólnum, til sóknar eða varnar, að því tilskyldu að þeir hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn þeirra og um sé að ræða málefni sem heyrir undir dómstólinn. Í því felst að málsaðili þarf að hafa sérstök tengsl við ágreiningsefnið, umfram aðra, og ágreiningsefnið að snerta þau lög eða þær reglur sem getið er um í 1. gr. Dómstóllinn metur hvort mál sem lagt er fyrir hann heyrir undir lögsögu hans og hvort skilyrði málsaðildar séu uppfyllt. Við mat á því hvort skilyrðið um lögvarða hagsmuni sé uppfyllt skal dómstóllinn hafa hliðsjón af reglum stjórnisýsluréttar þar að lútandi.

Telji dómstóllinn að mál heyri ekki undir hann vísar hann málinu frá.

3. grein. Form og efni kæru

Sá er kæra vill til dómstólsins skal koma skriflegri kæru til skrifstofu SÍ, til einhvers hinna þriggja aðaldómara, eða til aðalskákstjóra viðkomandi skákmóts. Ef kærandi afhendir kærana bréflega skal hún vera í tveimur eintökum. Sá er tekur á móti kærinni skal þá árita bæði eintök um klukkan hvað og hvenær kærana var móttækin, og skal kærandi fá annað eintakið. Kæra telst þó gild þótt hún berist aðeins í einu eintaki.

Einnig er heimilt að senda kæru til skrifstofu SÍ með tölvupósti og fær þá kærandi staðfestingu um móttöku tölvupóstsins svo fljótt sem unnt er.

Í kæru skal koma fram, eftir því sem við á:

- a) Nafn kæranda, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang.
- b) Nafn kærða.
- c) Nafn fyrrsvarsmanns kæranda ef það á við.
- d) Skýr kröfugerð.
- e) Lýsing helstu málavaxta.
- f) Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu.
- g) Lýsing á helstu röksemdum kæranda.
- h) Lýsing á helstu gögnum er fylgja kæru.

4. grein. Kærufrestir

Kærufrestur er einn sólahringur ef kæruefnið snýr að skák í skákmóti og hefst hann frá lokum þeirrar umferðar sem skákin var tefld í. Ef um er að ræða úrskurð skákstjóra telst fresturinn frá því að sóknaraðila var kunnugt um úrskurð hans. Ef um er að ræða sveitakeppni, telst fresturinn frá því að

skákstjóri eða hver annar sá aðili sem úrskurða má um ágreiningsefni á því skákmóti kunngerði fyrirliða eða liðsstjóra um úrskurð sinn.

Ef mál skv. 1. mgr. er sérstaklega flókið eða aðrar gildar ástæður valda því að óeðlilegt væri að krefjast þess að kæra hefði borist innan sólahrings, getur kærandi óskað eftir því að dómstóllinn framlengi kærufrest í allt að sjö sólarhringa. Beiðni þess efnis verður að berast innan hins upphaflega frests og með sama hætti og kæra skal berst dómstólnum skv. 3. gr. reglugerðarinnar.

Ef um er að ræða önnur atvik en þau sem snúa beinlínis að skák í skákmóti eða framkvæmd skákmóts sem er hafið og úrlausn dómstólsins hefði áhrif á niðurstöðuna í telst kærufrestur almennt vera einn mánuður. Frestur þessi byrjar þó ekki að líða fyrr en kærandi fær vitneskju um viðkomandi atvik.

Ef kæra snýr að meintu broti á agareglugerð SÍ er dómstólnum heimilt að taka kærana til efnislegrar meðferðar þótt kærufrestur sé liðinn. Hið sama gildir ef dómstóllinn telur aðrar sérstakar ástæður mæla með því að falla frá kærufresti.

5. grein. Hæfi dómara

Dómari telst vanhæfur til að fara með mál ef:

- a) Hann er aðili máls eða fyrirsvarsmaður aðila.
- b) Hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu.
- c) Hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni.
- d) Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- e) Hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni aðila með þeim hætti er segir í staflið d).

f) Hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í staflað d).

g) Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef hann eða náði skyldmenni eru félagsbundin aðila máls.

Hver dómari gætir að hæfi sínu og meðdómsmanna til að fara með mál af sjálfsdáðum, en aðili getur einnig krafist þess að hann eða þeir víki sæti. Víki dómari sæti skal dómsformaður í því máli kalla inn varadómara. Víki svo margir dómara og varadómara sæti að ekki er unnt að fullskipa dóminn með þremur dómurum skal stjórn SÍ kalla til setudómara í þeirra stað.

6. grein. Málsmeðferð dómstólsins

Þegar kæra hefur borist, skal dómstóllinn koma saman eins fljótt og hægt er. Skal dómstóllinn þá taka afstöðu til þess hvort formgallar skv. 3. eða 4. gr. eða skortur á aðild/aðildarhæfi geri það að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal vísa því frá dómnum með úrskurði.

Sé málið tækt til meðferðar skal dómstóllinn gera varnaraðila viðvart um kærana og láta honum í té afrit af henni ásamt fylgigögnum. Þá skal honum veittur eðlilegur frestur til þess að koma sínum sjónarmiðum að meðgreinargerð.

Dómstóllinn getur kallað aðila, skákstjóra eða önnur vitni fyrir dóminn til að upplýsa málið betur. Einnig getur dómstóllinn óskað eftir skriflegum skýrslum eftir því sem við getur átt og gagnast til að upplýsa málið.

Dómurinn getur enn fremur kallað eftir því að fá aðgang að búnaði, til dæmis klukkum, borðum eða öðru því sem efni kæru fjallar um, telji hann það nauðsynlegt til þess að upplýsa málið betur.

Dómstóllinn metur sönnunargildi framkominna gagna, skýrslna og vitnisburða og gætir í þeim efnum m.a. að því hvort vitni og aðrir skýrslugjafar hafi tengsl við málsaðila eða ágreiningsefnið.

Dómstóllinn skal kveða upp úrskurð sinn svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að kæra berst.

8. grein. Uppkvaðning úrskurðar og birting

Úrskurður dómstólsins tekur gildi frá uppsögu hans. Úrskurðurinn skal afhentur aðilum, ef þeir eru nærstaddir, en ella sendir þeim í tölvupósti. Ef um skákmót sem er í gangi er að ræða, skal birta úrskurðinn á skákstað.

Úrskurðir dómstólsins eru endanlegir nema mál sé endurupptekið skv. 9. gr.

9. grein. Endurupptaka máls

Aðili máls getur óskað eftir því að mál verði endurupptekið ef fram koma gögn eða aðrar áreiðanlegar upplýsingar sem benda til þess að úrskurður dómstólsins um viðurlög hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik og að niðurstaðan hefði orðið önnur ef gögnin eða upplýsingarnar hefðu legið fyrir á þeim tíma þegar úrskurðurinn var kveðinn upp. Þetta gildir þó ekki ef málsaðili átti þess kost að koma viðkomandi gögnum eða upplýsingum á framfæri við dómstólinn við hina upphaflegu málsmeðferð en gerði ekki.

Sá réttur málsaðila sem tilgreindur er í 1. mgr. er ekki fyrir hendi ef liðin eru meira en fimm ár frá uppkvaðningu úrskurðarins eða meira en 30 dagar frá því málsaðili fékk vitneskju um hin nýju gögn eða upplýsingar. Dómstólnum er þó heimilt að víkja frá þessum frestum ef sérstök rök hníga að því að mati hans.

Dómstóllinn metur hvort skilyrði endurupptöku séu uppfyllt. Dómstóllinn getur tekið ákvörðun um endurupptöku máls að eigin frumkvæði eða á grundvelli beiðni málsaðila.

10. grein. Lagastoð og gildistaka

Laganefnd SÍ samdi reglugerð þessa. Hún er sett af stjórn SÍ 17. maí 2022, að höfðu samráði við dómstól SÍ, með stoð í 15. gr. laga SÍ og öðlast þegar gildi. Samhliða gildistöku hennar fellur eldri reglugerð um dómstólinn úr gildi.